

þessa uppástúngu herra stiptamtmannsins, og vonar stjórnin einnig á ári hverju eptir skýrslu um upphæð á því, sem í nefndu ^{1856.} 11. desemb. augnamiði er goldið úr jafnaðarsjóði umdæmisins handa sérhverjum hreppi.

1. Opið bréf, er lögleiðir á Íslandi, með breytingum, lög 5. apríl 1850, um að útlendir gyðingar megi setjast að í ríkinu. ^{1857.} 6. janúar.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vær höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi með breytingum, lög 5. aprílm. 1850, um að útlendir gyðingar megi setjast að í ríkinu, bjóðum Vær og skipum fyrir á þessa leið:

Eins og það er innlendum gyðingum heimilt að setjast að á Íslandi, eins mega einnig útlendir gyðingar taka sér þar bólfestu, án þess að vera þeirra þar á landi sè bundin öðrum takmörkum, en þeim, sem eiga sér stað um veru annara útlendra manna.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

2. Tilskipun um breyting á tilskipun 8. marzm. 1843, viðvíkjandi kosningum til alþingis. 6. janúar.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vær höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúu alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um breyting á tilskipun 8. marzm. 1843, viðvíkjandi kosningunum til alþingis, bjóðum Vær og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Kosningarrétt til alþingis skulu hær eptir eiga:

a) allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra